



Hrunamannahreppur

Reglur

Um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Almennt

Samkvæmt lögum nr. 4/1995 með síðari breytingum, um tekjustofna sveitarfélaga leggja sveitarfélög á fasteingaskatt. Í sömu lögum og reglugerð nr. 1160/2005 er sveitarstjórnnum veitt heimild til að lækka, fella niður eða veita styrki til greiðslu fasteignaskatta. Skylt er sveitarstjórnnum að setja reglur um beitingu heimildanna. Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Hrunamannahreppi eru birtar með reglum þessum sbr. 7. gr. reglugerðar 1160/2005.

2. gr.

Starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni

Forsvarsmenn menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundarfélaga og mannúðarfélaga geta sótt um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum félaganna. Umsóknnum skal skilað inn til skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 1. maí ár hvert og í henni skal gerð grein fyrir starfsemi félagsins. Forsenda þess að styrkur verði veittur er að starfsemi, viðkomandi félags í umræddri fasteign, sé ekki rekin í ágóðaskyni. Sveitarstjóri tekur ákvörðun um styrkveitingu á grundvelli ofangreindra forsendna.

3. gr.

Tekjulitlir elli- og örorkulífeyrisþegar

Fasteignaeigendum sem eru 67 ára og eldri á því ári sem álagningin á sér stað eða 75% öryrkjar eða meira á álagningarári, og eiga lögheimili í sveitarfélaginu, eiga rétt á tekjutengdum afslætti af fasteignaskatti (ekki þjónustugjöldum) þeirrar íbúðar sem þeir eiga og búa í og ekki er nýtt af öðrum. Ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða skulu bæði hjón eða sambýlisfólk ná 67 ára aldri á því ári sem álagningin á sér stað. Afsláttur fasteignaskatts er veittur skv. upplýsingum sem sóttar eru til RSK án sérstakar umsóknar. Afslátturinn er afgreiddur af sveitarstjóra á grundvelli tekjuviðmiðunar og reglna sem sveitarstjórn ákveður ár hvert en við ákvörðun afsláttar skal einnig tekið tillit til tekna maka og annarra tekna sem nánar eru tilgreindar í ofangreindum reglum.

4. gr.

Bújarðir og útihús

Eigendur útihúsa á bújörðum / lögbylum geta sótt um niðurfellingu fasteignaskatts ef ytri aðstæður valda því að sá rekstur sem nýtir viðkomandi fasteign stöðvast skyndilega. Forsendur þess að geta nýtt þetta ákvæði er, að eigandi hafi haft rekstur í viðkomandi fasteign, en ytri aðstæður svo sem stjórnvaldsákvæðanir hafi valdið rekstrarstöðvun. Að hámarki er hægt að sækja um niðurfellingu til tveggja ára, enda

sé engin starfsemi í fasteigninni og eigandi að vinna að því að koma umræddri fasteign í annan rekstur. Viðkomandi verður að skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins skriflegri umsókn fyrir 1. maí ár hvert ásamt staðfestu skattframtali og rekstrarreikningi næstliðins árs.

Ekki er heimilt að veita afslátt eða fella niður fasteignaskatt af bújörðum.

Sveitarstjóri tekur ákvörðun um niðurfellingu á grundvelli ofangreindra forsendna.

5. gr.

Friðuð hús

Eigendur friðaðra húsa geta sótt um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af friðuðum húsum ef þeir hafa staðið að endurbótum eða endurbyggingu þeirra. Umsóknum skal skilað inn til skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en 1. maí ár hvert. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um endurbyggingu eða endurbætur hússins. Sveitarstjórn metur umsóknir og ákveður lækkun eða niðurfellingu í hvert sinn. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fram hafi farið umtalsverðar endurbætur á húsinu. Þannig megi líta á styrk eða niðurfellingu sem framlag til endurbóta.

6. gr.

Fjármögnun

Við samþykkt útgjalda til styrkja skal þess gætt að um sé að ræða ráðstöfun í samræmi við gildandi fjárhagsáætlun.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 6. apríl 2017 og taka þegar gildi.

Jón G. Valgeirsson
sveitarstjóri Hrunamannahrepps